

# Endanlegir skilmálar

HAGA260226

gefnir út af Högum hf. (LEI númer 635400TICHH43JITNP54)  
í samræmi við 10.000.000.000 kr. útgáfuramma skuldabréfa og víxla  
dagsettan 23. nóvember 2022

1. útgáfa flokks

Útgáfudagur verðbréfanna: 27. ágúst 2025

Gengi við sölu verðbréfanna: 96,07348

(„verðbréfin“ eða „víxlarnir“)

Þessir endanlegu skilmálar hafa verið gerðir í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB. og verður að lesa þá í samhengi við grunnlýsingu útgefanda dagsetta 11. febrúar 2025 og þá viðauka sem gerðir geta verið við grunnlýsinguna ásamt þeim skjölum sem felld eru inn í grunnlýsinguna eða viðaukana með tilvísun (einnig „grunnlýsingin“). Grunnlýsingin er birt í tengslum við 10.000.000.000 kr. útgáfuramma Haga hf.

Grunnlýsinguna og alla hugsanlega viðauka sem kunna að vera gerðir við hana er að finna á vefsíðu útgefanda, <https://www.hagar.is/fjarfestar/skuldabrefautgafa/>. Eingöngu er hægt að fá allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og verðbréf útgefin af honum með því að lesa saman grunnlýsinguna, mögulega viðauka við grunnlýsinguna og þessa endanlegu skilmála. Þegar vísað er til „greinar“ í endanlegum skilmálum þessum er átt við viðkomandi grein í kafla 3 *Skilmálar skuldaskjalanna* í grunnlýsingu útgefanda dags. 11. febrúar 2025.

## Hluti I: Skilmálar

### 1. Útgefandi

Hagar hf. Grein 1 gildir um skuldaskjölín.

### 2. Nafnverðseiningar, heildarheimild og gjaldmiðill

Grein 2 gildir um skuldaskjölín.

Útgáfugjaldmiðill skuldaskjalanna: ISK.

Nafnverð útgáfu: 760.000.000 kr.

Nafnverðseiningar: Skuldaskjölín eru gefin út í einingum sem hver er 20.000.000 kr. að nafnverði.

Áður útgefin verðbréf í flokki: Ekki hafa áður verið gefin út verðbréf í sama flokki.

Heildarheimild flokks: Opin heimild. Útgefanda er því heimilt að stækka flokkinn upp að fyrrgreindu marki án þess að leita samþykkis frá eigendum verðbréfanna, en útgáfa nýrra verðbréfa er ávallt háð heimild frá stjórn útgefanda á hverjum tíma.

Grein 2.1 gildir um víxlana.

### 3. Útgáfuform

Grein 3 gildir um skuldaskjölin.

Verðbréfamistöð: Nasdaq verðbréfamistöð hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi sem hlotið hefur starfsleyfi skv. lögum nr. 7/2020 um verðbréfamistöðvar, uppgjör og eignarskráningu fjármálagerninga („verðbréfamistöð“).

### 4. Upplýsingar um eigendur skuldaskjalanna

Grein 4 gildir um skuldaskjölin.

### 5. Greiðsluform

Grein 5 gildir um skuldaskjölin.

### 6. Verðtrygging

Engin verðtrygging:

Á ekki við.

### 7. Vextir

Form vaxta: Víxlarnir eru vaxtalausir og gildir grein 7.1 um víxlana. Dagregla: Raun/360. Grein 7.4 gildir um skuldabréfin.

Grein 7.5. gildir um skuldaskjölin.

### 8. Endurgreiðsla höfuðstóls

Endurgreiðsla höfuðstóls: Höfuðstóll verður endurgreiddur í einu lagi þann 26. febrúar 2026. Grein 8.1 gildir um víxlana.

### 9. Kröfur jafnréttháar (e. pari passu)

Grein 9 gildir um víxlana.

### 10. Staða í kröfuröð

Grein 10 gildir um víxlana.

### 11. Löggjöf um útgáfuna

Grein 11(b) gildir um víxlana.

## **12. Yfirlýsingar**

Eftirfarandi stafliðir greinar 12 gilda um víxlana: A, B, C, D, E.

## **13. Upplýsingakvaðir**

Á ekki við.

## **14. Almennar kvaðir**

Á ekki við.

## **15. Fjárhagsleg skilyrði**

Á ekki við.

## **16. Vanefndartilvik**

Eftirfarandi stafliðir greinar 16.1 gilda um víxlana: A, B, C.

Grein 16.3 gildir um víxlana.

## **17. Umboðsmaður kröfuhafa og staðfestingaraðili**

Grein 17 gildir um víxlana.

KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík hefur verið skipaður óháður umboðsmaður kröfuhafa með undirritun þjónustusamnings, dagsettur þann 19. janúar 2023.

## **18. Önnur ákvæði**

Heimild til kaupa eigin skuldabréfa/víxla: Grein 18.1 gildir um víxlana.

Upplýsingaöflun: Grein 18.2 gildir um víxlana.

Hlunnindi: Grein 18.3 gildir um víxlana.

Framsál: Grein 18.4 gildir um víxlana.

Skattaleg meðferð: Grein 18.5 gildir um víxlana.

Ágreiningsmál: Grein 18.6 gildir um víxlana.

## **19. Skilmálabreyting**

Grein 19 gildir um víxlana.

## **20. Sérstakar yfirlýsingar**

Grein 20 gildir um víxlana.

## **21. Eigin bréf**

Grein 21 gildir um víxlana.

## Hluti II: Aðrar upplýsingar

<b>1.</b>	<b>Skráning og taka til viðskipta</b>	
	Skráning og taka til viðskipta:	Óskað verður eftir því að öll útgefin skuldaskjöl í flokknum IS0000038081 verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Ekki er hægt að ábyrgjast að umsóknin verði samþykkt. Útgefandi mun óska eftir töku til viðskipta.
	Fyrsti mögulegi viðskiptadagur:	27. ágúst 2025.
	Upplýsingar um aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir á eftirmarkaði og búa til seljanleika með kaup- og sölutilboðum (viðskiptavakar) ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins:	Á ekki við.
	Ráðgjafar í tengslum við útgáfu:	Fossar fjárfestingarbanki hf. hefur umsjón með frumsölu víxlanna og töku þeirra til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.
<b>2.</b>	<b>Hugsanlegir hagsmunaárekstrar í tengslum við útgáfu/útboð</b>	
	Upplýsingar um hagsmuni sem tengjast útgáfunni, þ.m.t. hugsanlega hagsmunaárekstra:	Að undanskildum kostnaði greiddum til Fossa fjárfestingabanka hf. er útgefanda ekki kunnugt um neina hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu víxlanna.
<b>3.</b>	<b>Ástæður fyrir útboði, áætlaður heildarkostnaður og áætlað nettósöluandvirði útboðs eftir því sem við á</b>	
	Ástæða fyrir útboði/sölu:	Tilgangur útboðsins er að endurfjármagna núverandi skuldir félagsins og auka fjölbreytni fjármögnunar.
	Áætlaður heildarkostnaður útgefanda:	1 m.kr.
	Áætlað nettósöluandvirði:	729 m.kr.
	Notkun ágóða:	Fjármögnun á starfsemi útgefanda.
<b>4.</b>	<b>Ávöxtunarkrafa</b>	
	Ávöxtunarkrafa við frumsölu:	8,20%. Ávöxtunarkrafa er reiknuð út frá gengi verðbréfanna.
<b>5.</b>	<b>Upplýsingar um undirliggjandi þætti eftir því sem við á</b>	
	Lýsing á undirliggjandi viðmiðunarvöxtum:	Á ekki við.
	Lýsing á verðtryggingavísitölu:	Á ekki við.
<b>6.</b>	<b>Lánshæfiseinkunn</b>	

	Ef við á skal tilgreina lánsþæfiseinkunn og veita stutta skýringu á merkingu lánsþæfiseinkunnar:	Á ekki við.
<b>7.</b>	<b>Heimild til útgáfu</b>	
	<p>Hagar hf. geta, með heimild frá stjórn útgefanda, gefið út skuldabréf og/eða víxla samtals að útistandandi fjárhæð allt að 10 ma.kr. á hverjum tíma, í samræmi við ákvæði þess útgáfuramma sem lýst er í grunnlýsingu þessari, að því gefnu að fyrir liggi gild eða uppfærð grunnlýsing. Skuldaskjöldin sem þessir endanlegu skilmálar taka til voru gefnir út skv. heimild stjórnar þann 23. nóvember 2022 og felld undir útgáfurammann við stofnun hans.</p> <p>Verðbréfin hafa öll verið seld og er gjalddagi á greiðslu fyrir þau þann 27. febrúar 2026.</p>	
<b>8.</b>	<b>Auðkenni</b>	
	ISIN númer:	IS0000038081
	Auðkenni:	HAGA260226
	CFI númer útgáfu:	DYZUXR
	FISN númer útgáfu	HAGAR/MMKT 20260226
<b>9.</b>	<b>Upplýsingar frá þriðja aðila</b>	
	Ef upplýsingum í endanlegum skilmálum þessum hefur verið aflað frá þriðja aðila staðfestir útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.	Á ekki við.
<b>10.</b>	<b>Tilkynning um viðkomandi grunnlýsingu</b>	
	Land eða lönd þar sem tilkynnt hefur verið um viðkomandi grunnlýsingu	Ísland

F.h. Haga hf.

25. ágúst 2025

---

Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs